

# ÁKALL

Átakshópur til varnar áframhaldandi  
landbroti á Siglunesi við Siglufjörð ályktar:

Telja kunnugir að landbrotið muni rjúfa Nesið og muni því úthafsaldan eiga greiðan aðgang inn í hina framúrskarandi höfn á Siglufjörði.  
Um 1970 man einn okkar eftir því að afi hans, gamall skipstjóri á siglfirskum skipum, hafi nefnt að þetta ætti eftir að enda með ósköpum.  
Um 2008 hóf Minjastofnun uppgröft á Nesinu vegna þess að fyrirliggjandi var að annars myndi ágangur sjávar eyðileggja minjar um þessa einu elstu verstöð landsins.  
Skýrsla var gerð um málið árið 2011 og þar segir ma:

**"Mest mæðir á norðvesturhorni nessins. Þar virðist gróðurþekjan hafa hörfað um 21 metra frá 1950 til ársins 2000 og nam um 5-6 metra frá 2000-2009."**

Ljóst er að bið í þessu máli getur kostað það að miðjan á Nesinu brotni niður og þarf þá ekki að spyrja að leikslokum.  
Hin farsæla og góða höfn á Siglufjörði yrði nánast ónothæf vegna öldugangs og álags og ekki mun hækkandi staða sjávar bæta ástandið.  
Því er hér um NEYÐARÓP að ræða.  
Hafist verði handa við að gera varnargarð norðan Nessins með stálþili og björgum úr nærliggjandi fjöllum.

**BJÖRGUM SIGLUNESI.**

fh, Átakshópsins  
Gunnar Trausti  
897 9746  
[gunnar@siglocity.is](mailto:gunnar@siglocity.is)